

Retrierverdeild HRFÍ



Skýrsla stjórnar 2011

Lögð fram á ársfundi deildarinnar 24. mars 2012
í húsnæði HRFÍ að Síðumúla 15



Stjórn og nefndir

Ræktunarstjórn	Veiðinefnd	Sýninganefnd	Básanefnd	Skemmti- og göngunefnd
Amar Tryggvason Guðbjörg Guðmundsdóttir * Guðm. A. Guðmundsson Heiðar Sveinsson Þorsteinn Birgisson	Gísli Unnsteinsson Guðjón Páll Sigurðsson Heiðar Sveinsson Ingólfur Guðmundsson * Samúel Hermannsson Þorsteinn Birgisson	Delia Howser Elsa Hlín Magnúsdóttir Guðbjörg Guðmundsdóttir * Margrét Bergsveinsdóttir	Sigrún Guðlaugardóttir Svava Guðjónsdóttir *	Guðlaug Gísladóttir * Margrét Bergsveinsdóttir Sigrún Guðlaugardóttir Guðrún Rakel Svandísardóttir

* Formaður

Deildin

Retrieverdeildin er hópdeild innan HRFÍ sem fer með málefni Retrieverhunda í tegundahópi 8. Í dag eru skráðir 1642 (+162 frá í fyrra) hundar á lífi af 5 tegundum; 1 Curly-coated Retriever (± 0), 1 Chesapeake Bay (± 0), 23 Flat-coated Retriever (+2), 236 Golden Retriever (+6) og 1381 (+154) Labrador Retriever. Einungis þeir retrievereigendur sem greiða félagsgjöld til HRFÍ teljast virkir félagsmenn. Sjálfvirkum skráningum nýrra félagsmanna HRFÍ í deildir hefur verið hætt og verða nýir félagsmenn að biðja sérstaklega um að vera skráðir í deildir félagsins. Árið 2008 voru 312 af þeim sem greiddu félagsgjöld skráðir í retrieverdeildina en 1. mars 2012 eru þeir aðeins 283 þrátt fyrir mikla fjölgun Retrieverhunda. Árið 2008 var Retrieverdeildin ein þriggja stærstu deilda HRFÍ með 12,7% virkra félagsmanna, en þá var heildarfjöldi félagsmanna HRFÍ 2462 (skv. skýrslu til FCI). Við hvetjum alla retrievereigendur að skrá sig í deildina, því við viljum njóta sannmælis innan félagsins.

Starfsemi


Á síðasta starfsári hélt deildin 10 veiðipróf og alls þreyttu 140 hundar próf, þá tók göngu- og skemmtinefnd til starfa eftir síðasta ársfund og stóð hún fyrir 6 göngum, 2 opnum húsum, þremur skemmtikvöldum og sýningaþjálfun. Allir viðburðirnir hafa verið vel sóttir. Helgina 2. og 3. júlí stóð deildin fyrir deildarviðburði að Úlfliótsvatni, á laugardeginum var haldin deildarsýning þar sem 63 hundar mættu til leiks, 1 Flat-coated Retriever, 15 Golden Retriever og 47 Labrador Retriever. Dómari sýningar var Kate Crosbie-Black frá Írlandi og úrslitin voru : BIS : C.I.E. ISShCh Always On My Mind (Golden Retriever) , BIS 2 : Kraki (Flat-coated Retriever) og BIS 3 : Balrion Weathertop Four Winds (Labrador Retriever). Á þessari sýningu var í fyrsta sinn valinn ungliði sýningar og var það Labradorinn Draumalands Mount Etna sem varð besti ungliði sýningar. Besti hvolpur 6-9 mánaða var Stekkjardals Perchance to Dream og annar besti hvolpur var Great North Golden Whitewolf. Besti öldungur sýningar var Íslands Nollar Ingveldur Korpa. Strax á eftir sýningu var haldið veiðipróf fyrir byrjendaflokk sem Lars Mertz frá Danmörku dæmdi. Best í byrjendaflokki með heiðursverðlaun varð Aðalbóls Píla. Á sunnudeginum var veiðiprófinu síðan haldið áfram og í opnum flokki með heiðursverðlaun var Ljósavíkur Stormur bestur og í úrvalsflokki var Lísu best með fyrstu einkunn og heiðursverðlaun og náði þar þeim árangri að uppfylla kröfur til veiðimeistaratitils. Á síðasta starfsári voru haldnir 6 stjórnarfundir, auk mikilla samskipta gegnum netið. Stjórn sendi fulltrúa á alla fulltrúaráðsfundi HRFÍ.

Ræktunarráð

Ræktunarráði bárust alls 13 þörunarbeiðnir á árinu og var þeim öllum svarað, en 3 þurfti að hafna vegna þess að tíkur uppfylltu ekki skilyrði um ættbókarskráningu eða kröfur ræktunarstjórnar til ræktunardýra.

Got á árinu

Skráðir hvolpar í ættbók hjá HRFÍ árið 2011 voru: 176 Labrador hvolpar úr 27 gotum og 12 Golden hvolpar úr 3 gotum. Golden hvolpar voru því umtalsvert færri í fyrra en 2010, en Labrador hvolpum fjölgaði frá fyrra ári.



1. mynd. Fæðingarár ættbókarskráðra Labrador, Golden og Flat-coated Retriever frá upphafi.

Innflutningur

Fluttir voru inn 4 Labrador Retriever og 1 Flat-coated Retriever árið 2011.

Veiðinefnd

Veiðinefnd hélt nokkra fundi á seinasta ári og skipulagði og stóð að 10 veiðiprófum. Nefndin lagði til starfs- og fjárhagsáætlun fyrir stjórn deildarinnar fyrir árið 2012.

Dagskrá 2012

Dagskrá 2012 og fjárhagsáætlun var samþykkt af stjórn HRFÍ á fundi 19. janúar og var dagskráin birt á heimasíðu deildarinnar 22. febrúar 2012. Þar er gert ráð fyrir 11 veiðiprófum þar af eru 2 tveggja daga próf með erlendum dómurum. Stjórn HRFÍ hafnaði beiðni deildarinnar um deildarsýningu í ár.

Mjaðma- og olnbogamyndir

Tvær tegundir voru mjaðma- (HD) og olnboga- (ED) myndaðar á árinu.

Labrador

36 HD myndaðir: 22 A, 11 B, 1 C, 0 D, 2 E (91,6 % frír).

38 ED myndaðir: 36 A, 1 C, 1 E (95 % frír).

Af 1405 Labradorum á lífi eru 389 (27,6 %) HD myndaðir og 77,4 % þeirra HD frír.

374 Labrador á lífi (26,6 %) er ED myndaður og eru 94,6 % ED frír.

Frá upphafi hafa 484 mjaðmamyndir verið greindar: 282 A, 68 B, 51 C, 57 D, 26 E.

Frá upphafi hafa 394 olnbogamyndir verið greindar: 362 A, 0 B, 18 C, 10 D, 4 E.

Golden

15 HD myndaðir: 10 A, 2 B, 3 C.

17 ED myndaðir: 17 A,

Af 236 Golden á lífi eru 110 (46,6 %) HD myndaðir og 70,9% þeirra HD frír.

106 Golden á lífi (44,9 %) eru ED myndaðir og eru 85,85 % ED frír.

Frá upphafi hafa 151 mjaðmamyndir verið greindar: 85 A, 17 B, 28 C, 13 D, 8 E.

Frá upphafi hafa 115 olnbogamyndir verið greindar: 98 A, 0 B, 17 C, 10 D, 3 E.

Augnskoðanir

Fjórar augnskoðanir voru framkvæmdar á árinu. Alls mættu 118 retrieverhundar og voru 97 þeirra án augnsjúkdóma, 7 greindust með cataract, 1 með persisterende pupilmembrane og 3 með corneal dystrophy.

Opið hús í Sólheimakoti, göngur, skemmtikvöld og opinn deildarfundur

Tvisvar var haldið opið hús í Sólheimakoti síðasta vor, í fyrra skiptið var hist og spjallað yfir kaffi og í hið síðara kom Albert Steingrímsson hundapjálfari og fjallaði um hlýðniþjálfun og spor. Eftir erindi hans var farið út og gerðar hlýðniæfingar, góð þátttaka var og skemmtu menn sér. Sólheimakotið hefur því miður munað daga sína fegurri og var vatnslaust þar og því ákveðið að hafa ekki fleiri opin hús með ástandið var svo bágborið.

Göngu- og skemmtinefnd stóð fyrir taumgöngum á hinum ýmsu svæðum borgarinnar allt síðasta ár og var mæting mjög góð, margir áhugasamir Retrievereigendur hafa bæst í hópinn. Skemmtikvöld voru þrjú á síðasta ári, hið fyrsta var haldið í húsnæði HRFÍ og voru sýndar myndir frá árinu. Haldið var bingókvöld sem var vel sótt og Dýrheimar sf og Bendir ehf gáfu veglega vinninga, Smáhundadeild HRFÍ lánaði bingóspjöldin sem voru afar skemmtileg. Að síðustu var haldin jólagleði deildarinnar þar sem hattapema var yfirskrifin.

Í maí síðastliðnum hélt deildin opin deildarfund þar sem kynntar voru nýjar veiðiprófsreglur og kosið um þær og þær samþykktar, að því loknu var fjallað um hvort ætti að banna notkun hunda sem eru berar fyrir PRA í ræktun en það var fellt og samþykkt að leyfa það áfram í 5 ár og athuga vilja deildarmeðlima aftur 2016.

Reglur um ættbókarskráningu

Í nóvember 2010 tilkynntu AHT (Animal Health Trust) í Bretlandi að þeir hafi í samvinnu við Háskólann í Uppsala í Svíþjóð fundið genið sem orsakar aðra tegund PRA í Golden Retriever (GR_PRA1). Áður var þekkt hvar genið fyrir prcd –PRA liggur og hefur verið skylt að prófa fyrir því frá 01.06.08. Talið er að um 70% PRA tilfella hjá Golden Retriever hundum af evrópskum línum sé vegna stökkbreytingar á GR_PRA1 og því mikilvægt að ekki sé ræktað undan hundum sem eru sýktir og ekki sé leyfð þörun tveggja hunda sem báðir bera þessa stökkbreytingu.

Stjórn Retrieverdeildar sendi því erindi til stjórnar HRFÍ þann 9. nóvember síðastliðinn þar sem farið var fram á að alla Golden Retrieverhunda þyrfti að DNA prófa fyrir bæði prcd- PRA (gildir frá 01.06.08) og GR_PRA1 (gildir frá 01.06.2012) fyrir þörun. Þetta var samþykkt og er nú í reglum fyrir ættbókarskráningu á Golden Retrieverhvolpum.

Retriever

Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 18 mánaða við þörun. (Gildir frá 1. nóvember 1999).

Mjaðma- og olnbogamyndir: Undaneldisdýr skulu mynduð og niðurstaða kunn fyrir þörun. (Gildir frá 1. nóvember 1999).

Greinst hundur með mjaðma- og/eða olnbogalos D eða E verða afkvæmi hans ekki skráð í ættbók. Afkvæmi hunda sem báðir eru með C olnboga eða C mjaðmir fást ekki skráð í ættbók (Gildir frá 1. júní 2010).

Eftirtaldir tegundir: Labrador retriever, Chesapeake Bay retriever, Nova Scotia Duck Tolling retriever (gildir frá 01.01.2007) og Golden retriever (gildir frá 01.06.2008) verða að hafa undirgengist DNA próf gagnvart PRA til að hvolpar fáist skráðir í ættbók HRFÍ.

Óheimilt er að para saman hunda sem greinst hafa sem PRA berar. Heimilt er þó að para hund sem hefur greinst sem PRA beri svo framanlega að hinn hundurinn sé PRA hreinn (Normal clear N/C, Normal clear by parentage N/C/P).

Eftirfarandi gildir um Golden retriever (gildir frá 01.06.2012): Öll undaneldisdýr skulu DNA prófuð fyrir prcd - PRA og GR_PRA1 og greiningin sé Normal/Clear (N/C) eða séu sannanlega ekki sýkt vegna erfða frá foreldrum, Normal/Clear by parentage (N/C/P).

DNA próf vegna PRA (*Progressive Retinal Atrophy*, eða *arfgeng vaxandi sjónurýrnun*)

Á árinu 2011 fóru 4 retrieverhundar í PRA próf.

2 Labradorhundar og greindist 1 N/C (Normal/Clear) og 1 sem beri (#PRA).

2 Golden og greindust báðir án meingens (N/C).


Frá 01.01.2005 til 01.03.2011 hafa 104 labradorhundar verið DNA prófaðir vegna prcd-PRA og greindust 83 N/C, 18 berar (Carrier; #) og 3 með meingenið (prcd PRA). Síðan 2008 hafa 24 Golden Retriever verið prófaðir fyrir prcd-PRA og hafa þeir allir greinst N/C.

Sýningar

Fimm sýningar fyrir retrieverhunda voru haldnar á starfsárinu, 3 alþjóðlegar, ein meistarastigs sýning og deildarsýning Retrieverdeildar. Af alls um 2900 skráningum voru 348 (eða um 12% allra skráninga) Retriever skráningar á þessum sýningum; 225 Labrador, 117 Golden, 6 Flat-coated. Skipting skráninga eftir flokkum var eftirfarandi: 22 í hvolpaflokk 4-6, 36 í hvolpaflokk 6-9, 55 í ungliðaflokk, 65 í unghundaaflokk, 148 í opnum flokki, 4 í vinnu- og veiðihundaaflokk, 13 í meistaraflokk og 5 í öldungaaflokk. Dýrheimar sf hafa gefið eignarbikara í BOB og BOS á öllum sýningum og Bendir hafa gefið eignarbikara og verðlaunapeninga í hvolpaflokkum.

1. tafla. Þátttaka retrieverhunda í sýningum árin 2005-2011, skipt eftir flokkum. * = deildarsýning.

ÁR	HV.4-6	HV.6-9	ULFL	UHFL	OFL	VFL	MFL	ÖFL	SAMTALS
2005 (4 SÝN)	18	15	40	31	39	0	6	6	155
2006 (3 SÝN)	9	12	51	53	62	0	2	5	194
2007 (4 SÝN)*	21	23	22	59	108	0	0	4	237
2008 (4 SÝN)	8	24	52	23	98	10	1	0	216
2009 (5 SÝN)*	19	14	87	52	138	2	11	2	325
2010 (5 SÝN)*	29	41	83	39	149	10	15	5	371
2011 (5 SÝN)*	22	36	55	65	148	4	13	5	348



2. mynd. Þátttaka í retrieverhunda í veiðiprófum og sýningum frá 1995 – 2011.

Veiðipróf

Tíu veiðipróf voru haldin á vegum deildarinnar á starfsárinu og voru alls 140 Retrieverhundar skráðir í þessi próf sem er metþátttaka (50 einstaklingar, tveir Flat-coated Retriever hinir Labrador Retriever) yfir helmingur skráninga (74) voru í byrjendaflokk og voru 17 nýir þátttakendur meðal þeirra. Sigurmon Marvin Hreinsson útskrifaðist sem veiðiprófsdómari í lok sumars og dæmdi sitt fyrsta próf 24.09.2011. Tveir erlendir dómamarar dæmdu, þeir Lars Mertz frá Danmörku (Úlfjótssvatn) og Morten Kjelland frá Noregi (Húsafell). Dýrheimar, umboðsaðili Royal Canin á Íslandi, styrktu komu eins dómara til landsins og gáfu öll verðlaun eins og mörg undanfarin ár. Íslensku dómarnir fimm dæmdu og/eða gegndu hlutverki fulltrúa HRFÍ á árinu. Við þökkum Halldóri Garðari Björnssyni, Sigurði Ben Björnssyni, Sigurði Magnússyni, Margræti Pétursdóttur, Sigurmoni M. Hreinssyni og Degi Jónssyni fyrir óeigingjarnt starf í okkar þágu og þeim fjölmörgu starfsmönnum sem aðstoðuðu við framkvæmd prófanna.

Frá upphafi veiðiprófa árið 1995 hafa 112 próf verið haldin og alls 1185 skráningar (481 í BFL, 274 í OFL og 430 í ÚFL). Alls hafa 188 Labrador hundar tekið þátt, 5 Golden Retriever, 2 Chesapeake Bay og 4 Flat-coated. Sex íslenskir dómarmar hafa dæmt alls 75 próf og 696 hunda frá upphafi, en 17 erlendir dómarmar hafa dæmt 37 próf og 489 hunda.

Skapgerðarmat

Enginn Retrieverhundur undirgekkst skapgerðarmat á árinu.

Meistarar

Fimm Labradorar hlutu meistaranafnbót á árinu:

- ISFTCH Hvar er Fuglinn Klara – Eigandi : Guðmundur Ragnarsson.
- ISFTCH Lísá – Eigandi: Elsa Hlín Magnúsdóttir.
- ISShCh Leiru Röskur – Eigandi : Björn Gunnlaugsson.
- ISShCh Buckholt Cecil – Eigandi : Torfi Sigurjónsson.
- C.I.E. ISShCh Foxrush Gabrielle – Eigandi: Guðrún Bentsdóttir.

Þrír Golden Retriever hlutu meistaranafnbót á árinu:

- ISShCh Glory Gold I Have A Dream – Eigandi: Unnur Steina Björnsdóttir.
- ISShCh Vofcit's Rosett Collector – Eigandi : Guðríður Gunnarsdóttir.
- C.I.E. ISShCh Always On My Mind – Eigandi : Steinunn Guðjónsdóttir.

Stigahæstu hundar 2011

Í þriðja sinn voru reiknuð stig fyrir frammistöðu á veiðiprófum og á sýningum ársins og var fjórum hundum veitt viðurkenning á opnu húsi að Síðumúla 15 þann 28. janúar 2012.

Veiðipróf 2011: Aðalbóls Camo 46 stig. Eigandi : Snorri Rafnsson.

Sýningar 2011 Labrador Retriever: ISShCh Buckholt Cecil, 63 stig. Eigandi : Torfi Sigurjónsson.

Sýningar 2011 Golden Retriever: C.I.E. ISShCh Always On My Mind, 62 stig. Eigandi : Steinunn Guðjónsdóttir.

Sýningar 2011 Flat-coated Retriever: Kraki 19 stig. Eigandi : Fanney Harðardóttir.

Fagráð um ræktun Golden Retriever

Fagráð um ræktun Golden Retriever er ræktunarstjórn til ráðgjafar. Fagráðið opnaði sérstaka síðu á heimasíðu Retrieverdeildar og birtir þar m.a. ræktunarmarkmið fyrir tegundina.

Heimasíða

Retrieverdeildin heldur úti mjög öflugri heimasíðu sem er mikið heimsótt. Þar eru ýmsar upplýsingar aðgengilegar um starfsemi deildarinnar og gagnagrunnur með öllum ættbókum, heilsufarsupplýsingum og árangri hundanna okkar auk tölfræðisamantekta ýmiss konar. Fundargerðir stjórnarfundar og almennra fundar hafa verið birtar síðustu tvö árin til að auðvelda félagsmönnum að fylgjast með því sem er á döfinni. Spjall á heimasíðunni gefur frábæra samskiptamöguleika hundaeigenda og er vel vaktað, en notkun hefur verið fremur lítil eftir að fésbókarsíða deildarinnar opnaði 2010. Heimasíðu- og gagnagrunnsstjóri okkar er Olgeir Gestsson og þökkum við honum vel unnin störf á árinu sem endranær.

Dagskrá 2012

Dagskrá er ráðgerð með hefðbundnum hætti árið 2012. Við sóttum um að fá að halda deildarsýningu en okkur var synjað. Ellefu veiðipróf eru ráðgerð og er ráðgert að halda eitt þeirra í Eyjafirði eftir góða reynslu 2011. Þá eru þau nýmæli að eitt veiðiprófana er haldið á virkum degi. Dagskráin var samþykkt af stjórn HRFÍ og er sem hér segir:

NR	Dags.	Staður	Dómari	Fulltrúi HRFÍ	Prófstjóri
201201	Lau. 14.04.2012	Djúpavatn	Dagur Jónsson	Margrét Pétursdóttir	Kjartan Lorange
201202	lau. 28.04.2012	Akranes	Sigurður Magnússon	Halldór G. Björnsson	Sigurmon M. Hreinsson
201203	Þri. 15.05.2012	Tjarnhólar	Halldór G. Björnsson	Sigurður Ben Björnsson	Samúel Hermannsson
201204	lau.09.06.2012	Draugatjörn	Dagur Jónsson	Sigurður Magnússon	Ingibergur Þorvaldsson
201205	lau. 23.06.2012	Melgerðismelar	Sigurmon M. Hreinsson	Sigurður Ben Björnsson	Guðjón P. Sigurðsson
201206	lau. 07.07.2012	Suðvesturland	Johnny Henriksen	Sigurður Magnússon	Guðmundur A Guðmundsson
201207	Sun.08.07.2012	Suðvesturland	Johnny Henriksen	Sigurður Magnússon	Guðmundur A Guðmundsson
201208	Lau.21.07.2012	Villingavatn	Halldór G. Björnsson	Margrét Pétursdóttir	Ingólfur Guðmundsson
201209	Lau.11.08.2012	Húsafell	Idar Reinås	Halldór G. Björnsson	Heiðar og Steini
201210	Sun.12.08.2012	Húsafell	Idar Reinås	Halldór G. Björnsson	Heiðar og Steini
201211	lau. 15.09.2012	Draugatjörn	Sigurmon M. Hreinsson	Guðmundur A. Guðmunds	Gísli Unnsteinsson

Göngu- og skemmtinefnd hefur einnig lagt fram dagskrá fyrir árið, tæknin hefur verið að stríða okkur og því hefur okkur einungis tekist að setja inn mánuð í einu. Þetta leysist vonandi fljótlega og hægt verður að setja inn virkt dagatal fyrir deildina þar sem allir viðburðir eru settir inn.

Básanefnd hefur séð um skipulagningu og mönnun á Retrieverbás á sýningum félagsins og stórhundadögum í Garðheimum. Ekki er útlit fyrir að það verði almennt básar á sýningum félagsins á næsta ári, en þegar verður boðið upp á það þá vonast básanefnd til að deildarmeðlimir taki vel í að kynna tegundirnar.


Lokaorð

Það er með Retrieverdeildina eins og öll áhugamannafélög sem byggja starf sitt alfarið á framlagi sjálfboðaliða að hún endurspeglar það fólk sem leggur eitthvað að mörkum. Félag er ekki annað en fólkið sem í því starfar. Það er marga sem hægt er að gera til að auka og auðga starfsemina, en til þess þurfa fleiri að taka virkan þátt í starfinu. Góðar hugmyndir eru alltaf vel þegnar, en helst þarf hugmyndasmiðurinn líka að sjá til þess að koma þeim í framkvæmd. Veiðinefnd, sýninganefnd og básanefnd eru nefndir sem hafa orðið nokkuð rótgrónar innan deildarinnar og séð um að skipuleggja veiðipróf og viðburði þeim tengd, sýninganefnd hefur séð um að skipuleggja deildarsýningar og að afla styrkja vegna verðlauna á sýningum og básanefnd hefur séð um að skipuleggja kynningarbása deildarinnar á sýningum HRFÍ og á öðrum viðburðum. Skemmti- og göngunefndin er ný nefnd í starfsemi deildarinnar og hefur hún sýnt mikinn dugnað í að koma af stað göngum og öðrum viðburðum tengdum deildinni. Stjórn þakkar öllum aðilum þessarar nefnda fyrir óeigingjart starf við að efla starfsemi deildarinnar.

Ræktunarstjórn Retrieverdeildar þakkar öllum þeim sem aðstoðuðu við framkvæmd veiðiprófa, deildarsýningar, uppsetningu alþjóðlegra sýninga, skipulaðgöðu aðra viðburði og mönnuðu sýningabása deildarinnar á árinu. Royal Canin á Íslandi, Bendir ehf, Stálnaust og nokkrir ræktendur styrktu starfsemi deildarinnar og lögðu til fé til að standa straum af rekstri heimasíðunnar. Án ykkar hefði þetta ekki verið hægt. Að lokum óskum við öllum þeim sem hafa náð góðum árangri með hunda sína á árinu til hamingju og vonumst eftir framhaldi á því.

Reykjavík, 24. mars 2012.

Fyrir hönd stjórnar Retrieverdeildar HRFÍ


Guðbjörg Guðmundsdóttir, formaður

Retrieverdeild HRFÍ (kt. 610809-0490).

Rekstrarreikningur 2011

	Gjöld	Tekjur
Styrkur frá Dýrheimum v. heimasíðu		24.000
Styrkur frá Retrieverskólanum (DJ) v. heimasíðu		27.000
Styrkir frá 10 ræktendum til rekstrar		50.000
Styrkur frá Bendi		45.000
Kaffisjóður		12.500
Seldar 18 derhúfur		27.500
Sýningarþjálfun		17.550
Veitingar á viðburðum	2.602	
Vefvistun hjá Tónaflóði, feb.2011 - jan.2012	53.865	
ISNIC-Lén 2012	7.982	
Lán frá GAG 15.7.2010 greitt upp	45.000	
Prentun á tegundakynningarbæklingi	6.150	
Borð fyrir sýningarbás	2.995	
Gjafir til bænda vegna veiðiprófa	17.102	
Hlutur deildar í gjöf til Gæludýr.is	6.500	
Akstur dómara 2010 (frá HRFÍ)	49.000	49.000
Endurgreiðsla frá HRFÍ (útlagt 2010)		(55.645)
Staðgreitt fyrir HRFÍ, (útistandandi um áramót)	100.733	100.733
Staðgreitt fyrir Dýrheima, (útistandandi um áramót)	19.000	19.000
MP banki þjónustugjöld	190	
Vextir og fjármagnstekjuskattur	20	105
Rekstrarhagnaður	70.349	
	=====	=====
Samtals:	381.488	381.488

Efnahagsreikningur

Hrein eign Retrieverdeildar HRFÍ 31. desember 2011 var kr. 147.878,- í lausafé, þar af 28.145 á bankabók (0701-26-610809), 100.733 óinnheimt hjá HRFÍ og 19.000 hjá Dýrheimum. Til samanburðar var hrein eign þann 31.12.2010 alls kr. 77.529 (21.884 á bók og 55.645 óinnheimt).

Retrieverdeild HRFÍ á óseldan lager af derhúfum (170 stk @ 1500 = 255.000).

Aths. Eftirstöðvar 85.000 kr vaxtalauss láns GAG 15.7.2010 voru greiddar upp að fullu.

Reykjavík, 20. mars 2012.

Fyrir hönd stjórnar Retrieverdeildar HRFÍ

Guðm. H. Guðmundsson.